

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. janúar gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-13/2006:

I

Álitaefni

Hinn 28. nóvember sl. bað X, hér eftir líka nefnd álitsbeiðandi, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna eldhúsinnréttingar sem hún keypti hjá fyrirtækinu Y samkvæmt pöntun sem dagsett er 30. október 2004.

II

Málavextir, kröfugerð og rökstuðningur

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt og staðgreitt eldhúsinnréttingu með öllu tilheyrandi af fyrirtækinu Y. Samkvæmt framangreindri pöntun var kaupverðið kr. 850.000. Álitsbeiðandi segir stykki framan á uppþvottavél ekki hafa fylgt og hafi hún og eiginmaður hennar reynt í tvö ár að fá það afhent en ekki fengið enn, þrátt fyrir loforð þar um. Þau hafi í upphafi haldið eftir kr. 50.000 af kaupverðinu en greitt þá fjárhæð síðar fyrir þrábeiðni seljanda án þess þó að fá stykkið sem vantar. Samkvæmt myndum sem álitsbeiðninni fylgdu er um að ræða tvö þverstykki, ca 15 cm á hæð, annað sem lokar af uppþvottavélina neðan við borðplötuna og hitt sem á að vera í sökkli innréttingarinnar framan við vélina.

Álitsbeiðandi fer fram á að fá nýja uppþvottavél eða skaðabætur, þar sem eldhúsið verði aldrei eins og það hafi átt að vera. Ekki vilji hún stykkinn framan á uppþvottavélina þar sem alltaf verði litamunur á þeim og öðrum hlutum innréttingarinnar. Krafa álitsbeiðanda um nýja uppþvottavél skilur kæruneftndin svo að átt sé við að seljandi leggi henni til uppþvottavél með eigin hurð, en ekki með hurð sem hluta af innréttingunni.

Í bréfi Y, dags. 29. desember sl., kemur fram að innréttingin hafi verið send beint til álitsbeiðanda frá framleiðanda í Danmörku og engin vönun hafi verið skráð á vörureikning. Þegar í ljós hafi komið að forstykki á uppþvottavélina hafi vantað hafi Y sent framleiðanda athugasemd þar um en henni hafi ekki verið sinnt, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Y hafi fyrst verið ljós ástæðan í september 2005, en þá hafi verksmiðjunni verið lokað vegna greiðsluferfiðleika. Framleiðandi þessarar ákveðnu hurðartegundar hafi verið annar aðili en verksmiðjan og hafi trúlega einhver samskiptavandamál verið þar á milli. Y segist hafa haft samband við þann aðila en hann ekki ljáð máls á því að framleiða aðeins eitt forstykki þar sem um sérframleiðslu úr tekki væri að ræða sem ekki sé algennt á markaði nú tildags. Y hafi reynt að finna einhvern innanlands sem gæti smíðað stykkið en það hafi ekki tekist.

Y segir í bréfinu að álitsbeiðandi hafi ekki getað greitt allt kaupverð innréttingarinnar við afhendingu en fengið hana í hendur engu að síður. Greiðslur eftirstöðva hafi borist 10., 17. og 29. desember og hafi þær ekkert haft með erindi álitsbeiðanda að gera.

III

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Hinn 29. nóvember sl. ritaði kæruneftndin Y bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum. Frest til þess veitti nefndin til 11. desember sl. Andsvör bárust ekki nefndinni fyrir þann tíma. Hinn 27. desember sl. ritaði kæruneftndin aðilum bréf og tilkynnti þeim að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið hefði verið tekið til afgreiðslu. Hinn 12. janúar sl. barst nefndinni hins vegar bréf frá Y, dags. 29. desember sl. Álitsbeiðanda var sent afrit af bréfinu hinn 18. janúar sl.

IV

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. I. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup sem viðskipti aðila falla undir.

Kærufndin álitur að með því að afhenda álitseiddanda ekki forstykkin tvö hafi Y ekki fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum við álitseiddanda. Þannig er ljóst að greiðsludráttur, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/2003, hefur orðið af hálfu fyrirtækisins. Samkvæmt sömu málsgrein á kaupandi í því tilviki rétt á ferns konar úrræðum, þ.e. a. haldið eftir greiðslu kaupverðs, b. krafist efnda, c. krafist riftunar og d. krafist skaðabóta.

Álitseiddandi gerir þá kröfu að hann fái nýja uppþvottavél afhenta eða greiddar skaðabætur. Augljóst er að álitseiddandi á rétt á því samkvæmt samningi hans við Y að fyrirtækið efni kaupin og afhendi honum forstykkin tvö. Það er hins vegar svo, samkvæmt því sem fram kemur í bréfi Y frá 29. desember sl., að fyrirtækið virðist tæpast treysta sér til að efna kaupin að fullu og er ástæðulaust að draga í efa að þar sé ekki rétt frá greint. Kærufndin álitur að krafa álitseiddanda um að fá nýja uppþvottavél afhenta falli ekki undir vanefndarúrræði þau sem hún á rétt á og að framan er lýst. Hins vegar er það álit kærufndarinnar að álitseiddandi eigi rétt á að fá greiddar skaðabætur frá Y samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 48/2003. Undantekningarákvæði í 2. og 3. mgr. sömu lagagreinar ber að skýra þröngt og þykja þau ekki geta átt við aðstæðurnar sem seljandi telur hafa leitt til þess að hann hefur ekki efnt kaupin. Ber í því sambandi að hafa í huga að mistök virðast hafi orðið við afhendi í upphafi og vísast að þau hefði verið hægt að leiðrétta hefði verið brugðist nægilega skjótt við. Verður, hvað sem öðru líður, að líta svo á að ósannað sé að ómöguleiki sá sem Y telur að nú sé til staðar hafi verið það frá upphafi.

Skaðabætur til handa álitseiddanda eiga að svara verði sambærilegrar uppþvottavélar að gæðum og álitseiddandi keypti, að viðbættum þeim kostnaðarauka sem leiddi væntanlega af því að slík uppþvottavél hefði hurð sem þarfnaðist ekki hurðar í innréttingunni, eins og uppþvottavélin sem álitseiddandi hefur fengið afhenta.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir Íris Ösp Ingjaldsdóttir